

Íslensk tónverkamiðstöð

Ársreikningur 2013

Íslensk tónverkamiðstöð
Laugavegi 105
105 Reykjavík

kt. 660169-2299

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun stjórnar	6
Áritun	7
Rekstrarreikningur	8
Efnahagsreikningur	9
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar	11

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

SKÝRSLA STJÓRNAR JANÚAR – APRÍL 2013

Ný stjórn tók við á aðalfundi miðstöðvarinnar 29. janúar 2013. Eins og ljóst var, var starfsemin í ákveðnu uppnámi með engan fastan starfsmann en Sigfríður Björnsdóttir hafði látið af föstu starfi nokkrum mánuðum fyrr, hélt þó áfram að halda í horfinu meðan nýr framkvæmdastjóri væri fundinn. Kristján Guðmundsson hafði einnig látið af störfum. Oliver Kentish og Aðalheiður Þorsteinsdóttir gegndu hlutastörfum til að starfsemin héldist nokkurn veginn á floti.

Ný stjórn auglýsti eftir framkvæmdastjóra og fékk 14 umsóknir. Þar af komu 10 til greina og fólk var kallað til viðtals. Eftir viðtölin komu tveir umsækjendur helst til greina en ákveðið var eftir talsverða yfirlegu að bjóða Signýju Leifsdóttur starfið, sem hún þáði. Signý tók þegar við starfinu og fráfarandi framkvæmdastjóri var henni til mikillar aðstoðar við að setja sig inn í málin.

SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA APRÍL – DESEMBER 2013

NÝR FRAMKVÆMDASTJÓRI

Ég tók við sem framkvæmdastjóri 1. apríl 2013, en Sigfríður Björnsdóttir lét af störfum hér haustinu áður, en sinnti meðfram nýju starfi allra nauðsynlegustu verkum. Á meðan héldu Aðalheiður og Oliver hér uppi lágmarksþjónustu og svöruðu fyrirspurnum.

Stjórn tónverkamiðstöðvar hafði á mánuðum á undan endurskoðað starfsemi félagsins og var ljóst að áherslur þyrftu að breytast töluvert út frá þeirri stefnubreytingu.

AÐRIR STARFSMENN

Aðalheiður Þorsteinsdóttir og Oliver Kentish voru starfandi sem verktakar hjá Tónverkamiðstöð þegar ég tók við sem framkvæmdastjóri. Án þeirra hefði verið mjög erfitt að taka við þessu starfi, en þau þekkja starfsemina út og inn og vinna mjög vel. Í september 2013 samdi ég við þau bæði um fastar stöður og er hvort þeirra í 34% starfshlutfalli og sinna þau öllum þöntunum, skráningu og öðrum tilfallandi verkefnum.

TÖLVUSETNINGAR

Í nýjum samningi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið um fjárframlög gerði ráðuneytið þá kröfu að Íslensk tónverkamiðstöð setti skýrari ramma utan um starfssvið miðstöðvarinnar og fólst það m.a. í því að hún hætti að sjá um tölvusetningar fyrir tónskáld. Frá og með 1. apríl 2013 hætti Tónverkamiðstöð að greiða fyrir tölvusetningar og á það bæði við um tónskáld sem láta aðra tölvusetja fyrir sig og þá sem tölvusetja sjálfir. Hins vegar ef upp kemur sú staða að tryggður sé flutningur á verki eftir látið tónskáld sem er ekki tölvusett, mun Tónverkamiðstöð eftir fremsta megni reyna að fjármagna þá vinnu og sjá um tölvusetningu, sú staða hefur þó enn ekki komið upp og gjöld vegna raddskrifta í ársreikningi 2013 má rekja til fyrri skuldbindinga.

FÉLAGSGJÖLD – SKULD VIÐ TÓNSKÁLD

Á síðasta aðalfundi var samþykkt að taka upp félagsgjöld, 5000 krónur á ári. Þegar ég tók til starfa kom það í mitt hlutverk að rukka félagsgjaldið, en fljótlega ákvað ég í samráði við stjórn að leggja félagsgjaldið niður tímabundið, þar sem mér fannst ekki viðeigandi að rukka félagsgjöld af þeim sem miðstöðin skuldaði. Skuld miðstöðvarinnar við tónskáldin var um 1.6 milljón og var um helmingur þeirrar upphæðar greidd í október 2013. Uppsöfnuð skuld til tónskáldanna vegna sölu 2013 var rúmlega 230.000 krónur og er það von mín að hægt verði að greiða allar skuldir miðstöðvarinnar við tónskáld á árinu 2014.

BREYTT VERÐSKRÁ, INNHEIMTA OG HREINSUN Á ÚTISTANDANDI KRÖFUM

Þegar ég tók við var þónokkuð af útistandandi reikningum sem hafði gengið illa að rukka. Ég fór því strax í að uppfæra innheimtuaðgerðir og innleiddi kröfukerfi á innlenda kaupendur og PayPal greiðslumátan fyrir erlenda viðskiptamenn. Þetta hefur stórbætt innheimtuna og gengur hún nú mjög vel. Einnig hef ég sjálf séð um að raða upp bókhaldinu og hef þannig getað fylgst betur með fjármálum félagsins.

BÆTT SAMSKIPTI VIÐ TÓNSKÁLD

Póstlisti

Samskipti við tónskáld voru nokkuð strjál og stóð ég frammi fyrir því að ekki var til fullkominn listi yfir félagsmenn. Þegar ég spurði fráfarandi framkvæmdastjóra hvernig hún hafði náð til meðlima félagsins þá hafði það verið gert í gegnum tölvupóstlista Tónskáldafélagsins og með bréfum í pósti. Ég fór því yfir öll nöfn sem eiga verk í miðstöðinni og leitaði í pósthólfi itm@mic.is eftir því hvort ég fann netfang fyrir viðkomandi og fékk önnur netföng í gegnum stjórn og með netleit. Ég sendi svo þessum aðilum póst í gegnum póstforritið MailChimp sem býður upp á að móttakendur geta afskráð sig af listunum. Ég hef síðan þá fengið nokkrar fyrirspurnir frá aðilum sem vilja vera á póstlistanum. Póstlistann hef ég notað til að koma til skila skilaboðum, auglýsingum um styrkjatækifæri og keppnir.

Facebook

Ég tók einnig til við að efla Facebook síðu miðstöðvarinnar sem hefur reynst vel.

Heimasíða

Ég hef eftir fremsta megni reynt að setja inn fréttir á heimasíðuna, en það er þó frekar neðarlega á forgangslistanum vegna anna við almennan rekstur og stefnumótun. Hér mætti skoða að hafa einhvern sem myndi vera í lausavinnu sem verktaki við að vinna fréttir og fréttabréf.

Rafrænt skráningarblað

Á heimasíðu Tónverkamiðstöðvar má nú finna rafrænt skráningarblað og geta því tónskáld skilað öllum upplýsingum til miðstöðvarinnar í gegnum tölvu.

TILTEKT

Ég hef síðustu mánuði nýtt tímann til að koma mér inn í starfsemi Tónverkamiðstöðvar og hef ég með dyggri aðstoð frá Aðalheiði og Oliver, unnið að mikilli tiltekt.

1. Reikningar, fundargerðir og önnur sagnfræðileg skjöl um félagið fóru í Borgarskjalasafn Reykjavíkur.
2. Offramleidd gömul útgefin nótnahefti voru seld á útsölu (mörg á 50 kr. stk.), ákveðið var að halda eftir um 10 ára lager, miðað við sölu síðustu ára, og var restinni fargað.
3. Farið var yfir alla sölu á geisladiskum, bæði héraendis og erlendis, og ákveðið að halda eftir því sem samsvarar sölu til 8 ára. Flytjendum og tónskáldum geisladiskanna var svo boðið að kaupa umframlager á 300 kr. stk. Umframlager eftir þá sölu var fargað.
4. Erlendir kynningargeisladiskar og nótur fóru til bókasafns Listaháskóla Íslands sem gjöf.
5. Gömul tónleikahefti, plaköt og myndir af flytjendum fóru til Tónlistarsafns Íslands sem gjöf.
6. Mikið af skjölum, s.s. gamlir kynningarbæklingar um erlendar tónlistarhátíðir var hent.

GAGNAGRUNNUR

Tölvan sem hýsir öll skönnuðu tónverkin okkar hrundi rétt fyrir jól og viku seinna hrundi afritið af honum. En sem betur fer vorum við einnig með hýsingu á gögnunum á Netinu og náðum að hlaða öllum verkunum niður á nýja tölvu. Þetta tók töluverðan tíma og setti alla afgreiðslu á hliðina rétt fyrir jól, en nú er þetta komið í samt lag og áður.

Nú eru hins vegar bjartir tímar framundan í gagnagrunsmálum, þar sem okkur hefur tekist að tryggja fjármagn sem er sérmerkt uppbyggingu á nýju kerfi fyrir gagnagrunninn og netsölukerfi. Ef allt gengur að óskum ætti netsölukerfið að vera komið í gagnnið í lok árs 2014.

STEFNUMÓTUN

Frá því að ég tók við hef ég unnið að stefnumótun fyrir Tónverkamiðstöð. Í því ferli hef ég farið á fund IAMIC sem eru alþjóðleg samtök tónverkamiðstöðva, heimsótt finnsku tónverkamiðstöðina og dönsku útgáfuna Edition-S ásamt því að vera í tölvupóstsamskiptum við framkvæmdastjóra tónverkamiðstöðva um víðan heim. Ég sótti um og fékk styrk frá IAMIC til að fara í starfsheimsókn til ensku miðstöðvarinnar Sound & Music og fór ég í þá ferð í nóvember 2013.

Áhrif frá þessum miðstöðvum má sjá í framtíðar áformum miðstöðvarinnar sem munu flest koma til framkvæmdar á árinu 2014.

LYKILTÖLUR

Frá því að nýja skráningarformið var tekið í gagnnið í ágúst 2013 hafa verið lögð inn 46 ný verk. Einnig voru skráð á árinu 2013 töluvert af eldri söfnum sem miðstöðin hefur fengið gefins og eru nú (í maí 2014) rúmlega 9.500 verk skráð í gagnagrunn miðstöðvarinnar, en þau voru um 8500 í maí 2012.

Tölvupóstar til itm@mic.is 2013 voru 1.871, þ.e. samtalsþræðir, en oft eru síðan 3-4 póstur í hverjum þræði ef um pöntun eða fyrirspurn er að ræða.

Heildartekjur vegna sölu voru um 2.9 milljónir 2010, 5.0 milljónir 2011, 3.0 milljónir 2012 og 3.9 milljónir 2013. Hin mikla sveifla árið 2011 er vegna aukinna tekna í leigu vegna opunar Hörpu.

Árið 2013 voru tekjur af sölu og þjónustu 22% af heildartekjum félagsins, en voru 14% árið 2012, 19% árið 2011 og 13% árið 2010. Það er því ljóst að Tónverkamiðstöð er mun sjálfbærari eins og hún er rekin í dag, miðað við síðustu ár.

Reykjavík, maí 2014

Signý Leifsdóttir

Áritun stjórnar

Að álitum stjórnar Íslenskrar tónverkamiðstöðvar koma fram í ársreikningi þessum þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu stöðvarinnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu 2013.

Stjórn Íslenskrar tónverkamiðstöðvar hefur í dag farið yfir ársreikning miðstöðvarinnar fyrir árið 2013 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, / 2014

Stjórn:

Áritun

Til stjórnar Íslenskrar tónverkamiðstöðvar.

Við höfum aðstoðað við gerð meðfylgjandi ársreiknings fyrir Íslenska tónverkamiðstöð fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum stöðvarinnar og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli yfirferðarinnar. Ársreikningurinn hefur ekki verið endurskoðaður.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar með það að markmiði að aðstoða stjórnendur Íslensku tónverkamiðstöðvarinnar við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda Íslensku tónverkamiðstöðvarinnar.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram. Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2013, efnahag þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013.

Reykjavík, / 2014

Bókhalds- og rekstrarþjónustan Hagsýn sf.

Rekstrarreikningur árið 2013

	Skýr.	2013 1.1.-31.12	2012 1.1.-31.12
Rekstrartekjur:			
Seld þjónusta og ljósrit úr safni	1	1.670.543	1.237.964
Raddleiga		430.719	1.158.832
Sala hljómfanga, spilun		908.434	322.341
Sala á útgefnu prentefni		41.594	15.507
Sala kórverkaútgáfu		650.602	321.601
Rekstrarstyrkir	2,4	13.400.000	10.200.000
Styrkir vegna útgáfu	3,4	0	6.310.000
Styrkir vegna raddskrifta	4	197.000	2.358.780
Styrkir vegna ferðar	4	205.684	0
Aðrar tekjur		268.259	0
		<u>17.772.835</u>	<u>21.925.025</u>
Rekstrargjöld:			
Laun og annar starfsmannakostnaður	5	5.550.883	7.961.042
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	9	8.692.971	12.694.246
Kynningarstarf	9	851.618	349.229
Raddskriftir		0	1.936.530
Höfundalaun vegna sölu og leigu tónverka	6	237.553	(1.062.943)
Birgðabreyting		346.716	191.402
Afskriftir		788.291	0
		<u>16.468.032</u>	<u>22.069.506</u>
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		1.304.803	(144.481)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Fjármunatekjur		123.691	14.072
Fjármagnsgjöld		(128.522)	(210.977)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals		<u>(4.831)</u>	<u>(196.905)</u>
Rekstrarafkoma ársins		<u>1.299.972</u>	<u>(341.386)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

Eignir	Skýr.	31.12.2013	31.12.2012
Veltufjármunir:			
Birgðir	7	1.378.100	1.722.625
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakröfur		656.989	1.584.867
Aðrar skammtímakröfur		367.699	0
Handbært fé		898.516	760.350
	Veltufjármunir samtals	<u>3.301.304</u>	<u>4.067.842</u>
	Eignir samtals	<u>3.301.304</u>	<u>4.067.842</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé:			
Óráðstafað eigið fé		1.196.445	(103.527)
	Eigið fé samtals	<u>1.196.445</u>	<u>(103.527)</u>
Skammtímaskuldir:			
Ógreidd höfundalaun		1.032.581	1.648.200
Ógreiddur kostnaður		1.072.278	2.523.169
	Skammtímaskuldir samtals	<u>2.104.859</u>	<u>4.171.369</u>
	Skuldir samtals	<u>2.104.859</u>	<u>4.171.369</u>
	Eigið fé og skuldir samtals	<u>3.301.304</u>	<u>4.067.842</u>

Sjóðstreymisýfirlit árið 2013

	Skýr.	2013 1.1.-31.12	2012 1.1.-31.12
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarafkoma ársins		1.299.972	(341.386)
Veltufé frá (til) rekstrar		1.299.972	(341.386)
Breytingar rekstartengda eigna og skulda:			
Birgðabreyting lækkun		344.525	191.402
Skammtímakröfur, lækkun		560.179	1.488.094
Skammtímaskuldir, (lækkun)		(2.066.510)	(593.315)
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda		(1.161.806)	1.086.181
Handbært fé frá rekstri		138.166	744.795
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfestingarhreyfingar		0	0
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjármögnunarhreyfingar		0	0
Hækkun á handbæru fé		138.166	744.795
Handbært fé í ársbyrjun		760.350	15.555
Handbært fé í lok ársins		898.516	760.350

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Tekjur Íslenskrar tónverkamiðstöðvar hafa verið færðar nettó að teknu tilliti til ýmissa afslátta til félagsmanna og fleiri aðila og er sömu aðferð beitt í ár. Í flestum tilfellum er um að ræða sent kynningarefni, svo sem geisladiskar og nótur.

2. Rekstrarstyrkir

	2013	2012
Fjárlaganefnd Alþingis	13.400.000	10.200.000

3. Útgáfustarfsemi

	2013	2012
Styrkir til útgáfu STEF	0	800.000
Styrkur frá Menntamálaráðuneyti vegna skráningarkerfis	0	4.000.000
Styrkur frá Menntamálaráðuneyti vegna skönnunar	0	1.000.000
Styrkur frá Nýsköpunarsjóð námsmanna	0	510.000
	<u>0</u>	<u>6.310.000</u>

4. Samanburður á styrkjum á milli ára

	2013	2012
Menntamálaráðuneytið, rekstrarstyrkur	13.400.000	10.200.000
STEF Tónmenntasjóður I-III	0	800.000
Tónskáldasjóður RUV	197.000	2.358.780
Nýsköpunarsjóður námsmanna	0	510.000
Menntamálaráðuneytið styrkur vegna frágangs safns	0	1.000.000
Menntamálaráðuneytið styrkur vegna skráningarkerfis	0	4.000.000
Ferðastyrkur	205.684	0
	<u>13.802.684</u>	<u>18.868.780</u>

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2013	2012
Vinnulaun	4.472.818	6.039.992
Stjórnarlaun	0	200.000
Dagpeningar	0	189.663
Lífeyrissjóður	375.372	603.996
Tryggingagjald	451.305	534.394
Bífreiðastyrkir	180.000	216.000
Önnur launatengd gjöld	71.388	176.997
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>5.550.883</u>	<u>7.961.042</u>

6. Höfundalaun

Farið hefur verið yfir skuldir við höfunda og gjaldfært það sem er uppsafnað 2013. Á árinu voru felldar niður skuldir undir 5.000 kr.

Skýringar, frh.:

7. Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara.

8. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2013	(103.527)	(103.527)
Rekstrarafkoma ársins	1.299.972	1.299.972
Staða 31.12.2013	<u>1.196.445</u>	<u>1.196.445</u>

9. Hjalagt eru sundurliðanir með rekstrarreikningi

Sundurliðanir

	2013	2012
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Húsaleiga, sameign, rafmagn ofl.	2.803.337	2.608.656
Pappír, prentun og ritföng	162.479	633.329
Kostnaður vegna ljósritunar	0	566.986
Tækjaleiga	253.128	0
Burðargjöld	166.680	292.550
Gjaldfærð áhöld og búnaður	544.325	0
Öryggisgæsla og viðhald	170.714	96.005
Rekstur tölvukerfis	186.061	541.696
Bókhalds og sérfræðiþjónusta	767.539	937.468
Tryggingar	414.799	397.623
Aðkeyptur akstur og flutningskostnaður	53.930	34.395
Risna og gjafir	0	24.599
Aðkeypt þjónusta	2.581.440	5.759.554
Umbúðir	0	49.230
Posaleiga	63.088	54.388
Þóknun og seðilgjöld	20.712	0
Kaffistofa gestamóttaka ofl.	66.492	205.011
Sími og myndsendir	337.527	492.756
Félagsgjöld	100.720	0
	<u>8.692.971</u>	<u>12.694.246</u>
Kynningastarf		
Ferðakostnaður	545.535	9.920
Annar kostnaður	306.083	339.309
	<u>851.618</u>	<u>349.229</u>